



Samþykkt um laun og starfskjör fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar með athugasemdum Bjarna Benediktssonar, ódagsett, hækkun á launagreiðslum til starfsmanna bæjarins samkvæmt frumvarpi

Bjarni Benediktsson – Samþykkt um laun og starfskjör fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar með athugasemdum Bjarna Benediktssonar, ódagsett, hækkun á launagreiðslum til starfsmanna bæjarins samkvæmt frumvarpi

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnámálamaðurinn

Askja 2-7, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

S A M Þ Y K T

UM LAUN OG STAFESKJÖR FASTRA
STARFSMANNA REYKJAVÍKURBJAR.

S a m þ y k t

um laun og starfskjör fastra
starfsmanna Reykjavíkurbæjar.

I. KAFLI.

UM SETNINGU, SKIPUN OG UPPSÖGN STARFSMANNA.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir fasta starfsmenn bæjarins. Fastir starfsmenn teljast þeir starfsmenn, er gegna störfum tilgreindum í 18. gr. eða störfum er síðar kunna að verða feld þar undir samkvæmt ákvæðum 22. gr. Heimilt er þó bæjarráði með samþykki bæjarstjórnar að ráða einstaka fasta starfsmenn með sér-samningi.

2. gr.

Bæjarráð ræður alla fasta starfsmenn þar sem öðruvísi er ekki ákveðið, og skulu þeir fá skipunarbréf hjá borgarstjóra, þegar er þeir hafa verið skipaðir í stöðurnar. Heimilt er að krefjast þess í erindisbréfi, að þeir af starfsmönnum bæjarins, sem gegna gjaldkera- eða innheimtustörfum, setji hæfilega tryggingu (að dómi bæjarráðs). Engan má skipa fastan starfsmann fyr en hann hefur starfað að minsta kosti 3/4 úr ári í stöðunni settur til reynslu, nema hann hafi áður verið í þjónustu bæjarins. Setningatíminn telst til starfsaldurs starfsmanns í sambandi við rétt hans til eftirlauna og aldursuppbóta.

3. gr.

Þegar því verður við komið skal auglýsa

fastar stöður til umsóknar með minnst hálfsmánaðar fyrirvara, áður en þeim er ráðstafað til frambúðar. Leita skal umsagnar þess yfirmanns, er starfinn hverju sinni heyrir undir, áður en menn eru settir og skipaðir í fastar stöður.

4. gr.

Skilyrði fyrir því, að menn séu settir eða skipaðir í fastar stöður hjá bænum eru:

1. Að þeir séu íslenskir ríkisborgarar, eða hafi jafnrétti við þá.
2. Að þeir hafi óflekkað mannorð.
3. Að þeir hafi óskerta krafta til þess starfs, sem á að setja þá eða skipa í, og séu ekki haldnir næmum sjúkdómum, enda leggi þeir fram læknisvottorð því til sönnunar.
4. Að þeir séu ekki yfir 35 ára að aldri, hafi þeir ekki áður verið í þjónustu bæjarins.

Undanþágu má þó veita frá þessu síðasta ákvæði, ef sérstakar ástæður þykja mæla með því, að dómi þess er stöðuna veitir. Óheimilt er að setja eða skipa giftar konur í fastar stöður hjá bænum, nema bæjarstjórn hverju sinni samþykki.

5. gr.

Óheimilt er að svífta skipaðan fastan starfsmann bæjarins stöðu sinni nema hann hafi brotið svo af sér í starfi sínu, að hann sé rétttrækur þessvegna (sbr. 10. gr.), eða fullnægi ekki lengur skilyrðum 4. gr. stafl. 1., 2. og 3. Hinsvegar er heimilt að segja skipuðum föstum starfsmanni upp stöðu hans, ef sú breyting er gerð á stöðunni, að starfsmaðurinn verður

talinn
ekki framfar/hæfur til að gegna henni, eða staðan er lögð niður. Skal starfsmanni í þessum tilfellum sagt upp með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara, en skylt er að fá starfsmanni þeim annað starf við hans hæfi, ef við verður komið. - Nú telur starfsmaður að hann sé samkvæmt fremansögðu ranglega sviftur stöðu sinni eða honum sagt henni upp án heimildar og er honum þá heimilt að skjóta málinu til dóms, þar sem sæti eiga þrír menn, einn tilnefndur af bæjarstjórn, annar af starfsmannafélagi og hinn þriðji af hæstarétti. Telji dómurinn manninn ranglega sviftan stöðunni eða honum sagt upp án heimildar, skal hann halda henni áfram, ella á hann engar skaðabætur á bæinn umfram það er þegar segir. Ef annarhvor aðili vill ekki una úrskurði þessa dóms, er honum heimilt að skjóta málinu til hinna reglulegu dómstóla. - Kona, sem giftist skal tafarlaust láta af starfi sínu, nema bæjarstjórn samþykki að hún gegni því áfram. Tekur þetta einungis til þeirra kvenna, sem giftast eftir gildistöku þessarar reglugerðar. - Heimilt er að flytja starfsmenn á milli starfa eða starfsgreina, ef þörf krefur, enda skerðist laun þeirra eða réttur til eftirlauna ekki af þeim ástæðum. Fastir starfsmenn hafa rétt til að segja upp stöðum sínum hvenær sem er með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara. - Sömu aðilar er setja og skipa fasta starfsmenn segja þeim og upp stöðum samkvæmt þessari grein.

6. gr.

Jafnskjótt og starfsmaður er settur í fasta stöðu hjá bænum, skal honum afhent eitt eintak

af samþykkt þessari.

II. KAFLI.

UM SKYLDUR STARFSMANNA.

7. gr.

Sérhver starfsmaður skal samviskusamlega gæta skyldu sinnar í störfum sínum og hlýða í hvívetna settum reglum um stöðuna. Starfsmaður skal bæði í starfi sínu og endranær gæta alls velsamis, og ekki á nokkurn hátt misnotka stöðu sína eða aðstöðu sem starfsmaður bæjarfélagsins. Hann skal sýna lipurð og kurteisi öllum þeim, er hann á mök við, vegna starfsemi sinnar í þágu bæjarfélagsins.

8. gr.

Starfsmanni er skylt að gæta þagnælsku um allt, sem eðli sínu samkvæmt má ekki vitnast, en starfsmaður fær vitneskju um í starfi sínu. Þagnælskan gildir áfram þótt starfsmaður hætti störfum hjá bæjarfélaginu. - Ef bæjarráð telur að launuð störf sem starfsmaður hefur tekið að sér, auk starfsins í þágu bæjarfélagsins, eða sjálfstæður atvinnurekstur, sem hann rekur, séu ósamrýmanleg starfi hans, þá er honum skylt að láta af þeim störfum eða atvinnurekstri, nema borgaraleg skylda sé að gegna þeim. Ekki má starfsmaður taka neina þóknun, ómakslaun, umboðslaun e. þ. h., fyrir störf eða viðskipti varðandi bæjarfélagið.

9. gr.

Starfsmaður er skyldur að vinna þann starfstíma, er gildir fyrir hans starfsgrein, nema að

réttmæt forföll hamli, eða hann hafi leyfi frá yfirboðara sínum til að vera fjarverandi. Nú hefir starfsmaður verið fjarverandi meira en þrjá daga samfleytt, eða skemur ef ítrekað er, og getur þá yfirmaður hans krafist staðfestingar læknis á því, að um sjúkdómsforföll hafi verið að ræða.

10. gr.

Brot gegn þessum kafla varða áminningu eða burtvikningu fyrirvaralaust, ef um ítrekuð eða veruleg brot er að ræða.

III. KAFLI.

UM RÉTTINDI STARFSMANNA.

11. gr.

Fastur starfsmaður, sem vegna veikinda eða af slysum getur ekki gegnt störfum, hefir í eitt ár rétt til fullra launa. Lögboðnir dagpeningar í sambandi við sjúkra- eða slysátryggingu drægist þó frá laununum. Missi starfsmaður heilsu eða starfskrafta vegna starfsemi sinnar í þágu bæjarfélagsins og verði af þeim ástæðum óvinnufær, fær starfsmaðurinn eftirlaun samkv. þarað lútandi ákvaðum í reglugjörð fyrir eftirlaun- sjóð Reykjavíkurbæjar. Sjúkrakostnað og læknishjálp, sem orsakast af veikindum eða slysum, sem starfsmaðurinn hefir orðið fyrir í starfi sínu í þágu bæjarins, ber honum að fá endurgreiddan að fullu (frá bænum).

12. gr.

Allir fastir starfsmenn hafa rétt og skyldu til sumarleyfis með fullum launum. Það fer

eftir ákvörðun þess yfirmanns, sem í hlut á hvenær starfsmaður tekur sumarleyfi sitt. Um aukaleyfi og tilfarslur á leyfinu fer eftir ákvörðunum bæjarráðs. Starfsmenn geta aldrei fengið kaupgreiðslur í stað sumarleyfa.

13. gr.

Lengd sumarleyfa fer eftir starfsaldri þannig, að þeir, sem verið hafa skemur en 15 ár í þjónustu bæjarins fá hálfsmánaðar leyfi, þeir sem starfað hafa 15-25 ár fá þriggja vikna, en þeir sem lengur hafa starfað eins mánaðar leyfi. Þegar sérstaklega stendur á getur bæjarráð veitt starfsmönnum frí frá störfum um vissan tíma, án þess um sumarleyfi sé að ræða.

14. gr.

Starfsmenn bæjarins hafa rétt til að mynda með sér félagsskap til þess að gæta hagsmuna sinna. Slíkt félag starfsmanna er fulltrúi þeirra gagnvart stjórnarvöldum bæjarins um laun og starfskjör í heild. Hinsvegar hefir félagið engan íhlutunarrétt um setningu, skipun eða uppsögn starfsmanna, (sbr. þó 5. gr.). Breytingar á launa- og starfskjörum skulu lagðar til umsagnar fyrir félag starfsmanna eða fulltrúa þess, áður en þær koma til framkvæmda.

IV. KAFLI.

LAUNAKERFIÐ.

15. gr.

Fastir starfsmenn bæjarins skipast í 10 launaflokka, eftir þeim reglum, sem settar eru í 18. gr. Borgarstjóri skal vera utan launa-

flokka, og ákveðast laun hans af bæjarstjórn.

16. gr.

Laun fastra starfsmanna miðast við útborgunareiningu þeirra (mánaðarlaun) en ekki árslaun. Launin borgast fyrirfram mánaðarlega með $1/12$ árslaunanna, þ.e. útborgunareiningunni í hverjum flokki samkvæmt næstu gr. Á meðan starfsmenn eru settir í stöður fá þeir greiddar $3/4$ af byrjunarlaunum í þeim launaflokki er þeir heyra undir. Jafnskjótt og starfsmaður hefur verið skipaður í stöðu tekur hann full laun - þ.e. þau laun, sem honum ber í sínum launaflokki. Nú er starfsmaður fluttur í hærri launaflokk og skal hann þá aldrei byrja með lægri launum í hinum nýja launaflokki en hann hafði áður.

17. gr.

Launin ákveðast þannig:

18. gr.

Niðurröðun starfa og starfsgreina eftir launaflokkum sé þessi:

I. fl.

Forstjórar (Rafveitu og Hafnar)

Bæjarverkfræðingur

Borgarritari

II. fl.

Deildarverkfræðingar bæjarverkfræðings

Aðstoðarverkfræðingur rafmagnsstjóra

Gasstöðvarstjóri

III. fl.

Bæjargjaldkeri

Aðalbókari bæjarskrifstofanna

600-720

525-630

Skrifstofustjóri (lögfræðis mentun)
Lóðaskrárritari (verkfræðis mentun)
Byggingarfulltrúi (verkfræðis mentun)
Húsameistari

IV. fl.

Aðstoðarverkfræðingar
Gjaldkeri og aðalbókari Rafveitu
Gjaldkeri og aðalbókari Hafnar
Tanmlæknar
Heilbrigðisfulltrúi
Umsjónarmaður Rafmagnsveitu
Yfirframfærslufulltrúi
Sundhallarforstjóri
Yfirlögregluþjónn
Slökkviliðsstjóri
Yfirvélstjóri
Yfirhafnsögumaður
Forstjóri ráðningarskrifstofu

475-570

V. fl.

Fyrstu vélstjórar
Bókari Gasveitu
Varaslökkviliðsstjóri
Bókavörður
Aðstoðarmenn og bókarar.
Framfærslufulltrúar
Hafnsögumenn

verkstjóran
í borgarsveit
vit í nævnum.

425-510

VI. fl.

Tekniskir aðstoðarmenn (mælingmenn o.s.frv.)
1. fl. rafvirkjar
Verkstjórar
Vaktstjórar lögreglu
Línu- og spennist. verkstjórar
1. fl. skrifarar
Vélstjórar, Tæmist. og vélstjór
Sundkennarar

375-450

í nævnum
og vélstjór

Stofnaforstöð (lögfræðis kennun)
Léðaskrifstær (vefræðis kennun)
Byggingarfræðis (vefræðis kennun)

Háskólafræði

IV. fl.

Ástæðaverkfræðingur
Gjaldkerfi og aðalhöfundur
Gjaldkerfi og aðalhöfundur
Tannfræðingur

Halfræðingur

Samtökunarmáttur

Yfirfræðingur

Samtökunarmáttur

Yfirfræðingur

Stöðvæðingur

Yfirfræðingur

Yfirfræðingur

Binnýta gæðingur

V. fl.

Týtu veislufræði

Bókun gæðingur

Varasöfnun

Bókun

Ástæðingur og bókun

Fræðingur

Fræðingur

VI. fl.

Tekniskir ástæðingur (samgætt o.s.frv.)

I. fl. veislufræði

Veislufræði

Veislufræði

Íslenskt og spænsk veislufræði

I. fl. veislufræði

Veislufræði

Samgætt

HP-270

HP-270

HP-270

VII. fl.

Lögregluþjónar

350-420

Slökkviliðsmenn

Fastir eftirlitsmenn með Vatns- og Hitaveitu

Yfirkyndarar

Vatnssöllumenn við höfnina

VIII. fl.

Innheimtu- og lögtaksmenn

Línsmenn, Spenni stöðvarsmenn

325-390

Málaálesarar *monitörar Sundlaugsmenn*

Húsverðir

Umsjónarm. með salernahreinsun

Vélamenn

300-360

Bifreiðarstjórar

Sveigavard - Sundhöll

Varðmenn við sundlaugar 2400

II. flokks skrifarar

Umsjónarmaður koks 4300 - 4400

Gasvirkjar 4300 - 4400

Kyndarar 4600 - 4700

Sótarar 4500

*Umsjónarmatur
: Sundhöll.*

IX. fl.

310.- kr. fast kaup.
Engin aldurshæðun.

Fastir verkamenn

~~Starfsmenn (karlar) við Klefavörslu sund-~~

275-330

III. flokks skrifarar

X. fl.

: ræðsal og við

250-300

Starfsmenn (karlar) við Klefavörslu sund-
hóllar

XI. fl.

~~IV. flokks skrifarar~~

150-180

Kvenfólk í sundhöll.

175-210.

XII. fl.

150-180

IV. flokks skrifarar

V. KAFLI.

UPPBÆTUR Á LAUNUNUM OG ÍVILNANIR.

19. gr.

Launin miðast alstaðar við full laun. Engar ívilnanir eða launauppbætur, fram yfir launagreiðslur samkvæmt launa-kerfinu skulu eiga sér stað, aðrar en þær sem getur um í næstu gr. Húsaleiga þeirra starfsmanna, sem hafa húsneði hjá bænum í sambandi við starf sitt skal dregið frá launum þeirra eftir mati til skatts. Ljós og hita skulu þessir starfsmenn greiða sjálfir, þar sem hægt er að halda þeim útgjaldaliðum út af fyrir sig. Sé það ekki hægt dragast þeir frá laununum á sama hátt og húsneðið, þ.e. eftir mati til skatts.

20. gr.

Þeir menn, sem bærinn leggur til fatnað (einkennisbúning o.þ.h.) í sambandi við starf þeirra skulu fá hann frían, eftir nánari settum reglum, enda er yfirmönnum þeim, er í hlut eiga skylt að gæta þess, að þær reglur séu ekki brotnar né þeim misbeitt. Bæjargjaldkeri skal árlega fá 1000 kr. í mistalningafé. Bæjarráð setur reglur um bifreiðahald starfsmanna bæjarins.

21. gr.

Bæjarráð setur reglur um starfstíma í hverri starfsgrein.

Enginn fastur starfsmaður bæjarins hefir rétt til aukagreiðslu fyrir eftirvinnu, helgidagavinna eða naturvinnu í þeim starfsgreinum, þar sem hún er óhjákvæmileg greiðist ekki auka-

lega, né neinar uppbætur fyrir hana enda fáir þeir starfsmenn frí á öðrum tímum, sem því svarar og eftir þeim reglum, er um það gilda eða settar kunna að verða.

VI. KAFLI.

ÝMS ÁKVÆÐI.

22. gr.

Þegar nýjar stöður eða starfsgreinar myndast, sem ástæður þykja til að taka upp í launakerfið skal bæjarstjórn taka ákvörðun um, hvar stöðunum sé skipað í launakerfið. Áður en sú ákvörðun er tekin, skal starfsmannafélaginu eða fulltrúum þess gefinn kostur á að segja sitt álit um skipun starfanna í launakerfið, eins og breytingar, sem gerðar kunna að verða á launakerfinu, (sbr. 14. gr.).

23. gr.

Fimmta hvert ár frá því að launasamþykkt þessi gengur í gildi, skal hún tekin til endurskoðunar.

Hökkim á launagreiðslum til starfsmanna
 bóvarius orskv. þrjúvarpi til launavæðingart.

| | Starpm. m. eff. launavæðing. | | | Starpm. án eff. launavæðing. | | | Samtals | |
|----------------------------|------------------------------|------------------------|---|------------------------------|------------------------|------------------------------------|-------------------------|------------------------------------|
| | Fala Starf. fólks | Hökkim launa kr. | Hökkim hilla til eff. launavæðing. | Fala Starf. fólks | Hökkim launa kr. | Tillag til eff. launavæðing. | Fala Starf. fólks | Hökkim launavæðing. Alls kr. |
| I Bóvarispartur | | | | | | | | |
| Bóvariskóptofan | 8 | 3870,- | 232,20 | 7 | 2.980,- | 1515,60 | 15 | 8597,80 |
| Fornheinta (hjá bóvaring.) | - | - | - | 11 | 3648,- | 2793,60 | 11 | 6441,60 |
| Fornþesslimál. | 4 | 2.680,- | 160,80 | 3 | 1890,- | 648,- | 7 | 5378,80 |
| Ráðningrotan | - | - | - | 4 | 3270,- | 932,40 | 4 | 4202,40 |
| Lýðmetur | 2 | 1400,- | 84,- | - | - | - | 2 | 1484,- |
| Barnaskólarnir | 2 | ÷ 712,- | • | - | - | - | 2 | ÷ 712,- |
| Bóvarbókasafn | 1 | 100,- | 6,- | 1 | - | 216,- | 2 | 322,- |
| Bathús og þvotal. | 2 | 320,- | - | - | - | - | 2 | 320,- |
| Þrjúamál | 15 | 4171,- | 250,26 | 1 | 384,- | 255,60 | 16 | 5060,86 |
| Höggögla | 60 | 18355,- | 1101,30 | - | - | - | 60 | 19456,30 |
| Bóvarveikfótrungur, skálf. | 4 | 4740,- | 284,40 | 5 | 3609,- | 1771,20 | 9 | 10404,60 |
| " Utstök | - | - | - | 10 | ÷ 4678,- | 3196,80 | 10 | ÷ 1481,20 |
| Salsnabæisinn | 3 | 660,- | 3,96 | - | - | - | 3 | 663,96 |
| Sophocinsinn | 4 | ÷ 240,- | - | 14 | ÷ 10186,- | 3333,60 | 18 | ÷ 7092,40 |
| Gatnabæisinn | - | - | - | 17 | ÷ 13094,- | 3794,40 | 17 | ÷ 9299,60 |
| Síudlaugarnir | - | - | - | 6 | 2800,- | 1314,- | 6 | 4114,- |
| I samtals | 105 | 35344,- | 2122,92 | 79 | ÷ 9377,- | 19771,20 | 184 | 47861,12 |
| II Týrispartur | | | | | | | | |
| Síudhöll | 2 | 1100,- | 66,- | 22 | 10373,- | 3697,20 | 24 | 15236,20 |
| Grosvita | 26 | 8620,- | 577,20 | - | - | - | 26 | 9137,20 |
| Rafmagrosvita | 55 | 2310,- | 138,60 | 21 | 3336,- | 4752,- | 76 | 10536,60 |
| Höfnin | 19 | 1680,- | 100,80 | - | - | - | 19 | 1780,80 |
| II samtals | 102 | 13590,- | 822,60 | 43 | 13709,- | 8449,20 | 145 | 36570,80 |
| I-II Alls | 207 | 48934,- | 2945,52 | 122 | 4332,- | 28220,40 | 329 | 84431,92 |